



Undir Salthöfða í Öræfum

Leit að bæjarstæði



Bjarni F. Einarsson
Október 2002

Forsíðumyndin sýnir jarðsjármælingar á Salthöfða vorið 2000. Mennirnir standa vinstra (vestan) megin við beitarhúsið. Horft til N. Ljós. BFE.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Fornleifafélag Öræfa

© Bjarni F. Einarsson

Október 2002

Inngangur

Allt frá því að fornleifarannsóknum að Gröf í Öräfum lauk á seinni hluta sjötta áratugarins hefur mönnum langað til að kanna hvort munnmæli um býli undir Salthöfða hefðu við einhver rök að styðjast. Skv. heimildum má leiða að því rökum að þar hafi staðið býlið Bæjarstaður, Bær, Salthöfði eða Vindás.

Helstu hvatamenn að þessu máli hafa bræðurnir á Kvískerjum verið og þegar Fornleifafélag Öræfa var stofnað var ákveðið að freysta þess að hefja leit á staðnum. Vorið 2000 fór Fornleifafræðistofan og Línuhönnun hf. yfir svæðið með jarðsjá og niðurstaða þeirra mælinga var jákvæð. Undir beitarhúsi sem þarna stóð, voru mannvirki.

Næsta skref var að fjarlægja beitarhúsið, en það var byggt á fyrri hluta 20. aldar. Áður en að það var fjarlægt var það teiknuð upp og haft var samband við Fornleifavernd ríkisins og kannað hvort einhver áhöld væru um þá aðgerð.

Staðsetning beitarhússins var ca. N 63°52.81 W 016°37.32 (mælt í eystra hólfi hússins eða hólfi B).


Prufuholugröftur fór fram þann 14. september síðastliðinn og grafnar voru fjórar holur. Auk undirritaðs tóku þátt í rannsóknunum þeir Sigurður og Helgi Björnssynir frá Kvískerjum, Ragnar F. Kristjánsson þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, Sigurður Bjarnason, Einar Rúnar Sigurðsson og Aron Franklín Jónsson frá Hofsnesi og Þorlákur Magnússon frá Svínafelli. Þakka ég þeim öllum gott samstarf og fróðlegar umræður.

Þeir sem fjármögnuðu rannsóknirnar voru Fornleifafélag Öræfa og Hótel Skaftafell í Freysnesi.

Lega og staðhættir

Rannsóknarstaðurinn er undir hömrnum suður af Fagurhólsmýri, nokkur hundruð metra frá gömlu kaupfélagshúsunum og aflögðum flugvelli. Þarna tekur mikið flatlendi við af aflíðandi brekkunni frá fjöllunum og jöklinum.

Fast upp við staðinn norðan- og austanverðan rennur lítill lækur og norðvestan við hann er uppspretta, sem veldur talsverðum vatnsgangi í hólnum og átti það eftir að valda ákveðnum vandræðum þegar rannsóknin fór á stað. Er býsna blautt allt í kring um hólinn sem geymdi beitarhúsið og hið meinta eyðibýli. Þetta hlýtur að hafa breyst mikið í aldanna rás.



Mynd 1. Teikning av beitarhúsinu sem rifið var í lok ágúst 2002. Teikn. Helgi Björnsson. Hreint. og viðbætur BFE.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar var afar einfalt. Það var að reyna að staðfesta þann grun manna að þarna leyndist bæjarrúst undir þykkri gjóskunni frá Örafajökli 1362.

Ekki var farið út í nákvæmar rannsóknir á rituðum heimildum um staðinn, sem eru býsna fátæklegar í sjálfu sér, og ekki reynt að grafast fyrir um hið rétta nafn býlisins, en nefnd hafa verið nöfnin Salthöfði, Bær, Bæjarstaður og Vindás. Það litla sem til er í rituðum heimildum benda til að bærinn hafi heitið Bær. Um þann bæ segir í Blöndu I: „Bær er sagt bygð heitið hafi fyrir austan bæinn Fagurhólsmýri, en fyrir vestan Salthöfða. Þar sést til tópta.“ (1918-20:47). Þetta þýðir að áður en að beitarhúsið var byggt á staðnum hafa menn séð til rústa, en beitarhúsum var gjarnar komið fyrir á eldri rústum svo sem bæjarstaðum og eru þau því vísbending um forn bæjarstaði þegar svo ber undir.



Mynd 2. Efsti veggur í prufuholu 4. Sjá má torfið hægra megin við grjóthleðsluna (múrskeið ofan á hleðslunni). Ofan á hluta torfsins (t.h.) teigir sig gjóskan frá 1362. Ljós. Ragnar F. Kristjánsson.

Rannsóknin

Prufuhola 1

Holan var grafin í vestara hólfi beitarhússins (hólf A), rétt sunnan við vegg hólfsins og hlöðunnar (hólf C). Stærð hennar var 1 x 1 m og mesta dýpt hennar 1,6 m. Farið var í gegn um 1362 - lagið, en hætta varð uppgreftri vegna vatns, sem fyllti holuna jafnóðum. Undir 1362 - laginu var mannvistarlag sem ekki var skoðað nánar (sjá lýsingu í prufuholu 2).

Prufuhola 2

Holan var grafin í eystra hólfi beitarhússins (hólf B), aðeins sunnar en prufuhola 1. Stærð hennar var 1 x 1 m og mesta dýpt hennar var 1,2 m. Farið var í gegn um 1362 - lagið og þar undir var þykkt mannvistarlag. Mannvistarlagið var dökk brúnt, fullt af viðarleifum (mikið af greinum/kvistum), en einnig voru í því brennd og óbrennd bein og viðarkol. Neðarlega í holunni var hellulagt gólf af einhverju tagi, en sökum vatnságangs var ekki hægt að rannsaka holuna frekar.

Prufuhola 3

Holan var grafin syðst í vestara hólfi beitarhússins. Stærð hennar var 1 x 1 m og mesta dýpt hennar var 0,6 m. Undir 1362 - laginu var komið niður á samskonar mannvistarlag og í prufuholu 2. Ekki var hægt að rannsaka holuna frekar vegna vatnságangs.

Prufuhola 4


Holan var grafin í hlöðu beitarhússins (hólf C), ca. 2 m norður af millivegg hólfs A og C. Holan (skurðurinn) var ca. 1 x 4 m (N - S). Mesta dýpt holunnar var 1,6 m.

Á 0,3 m dýpi var komið niður á grjót sem greinilega var úr vegg. Sá veggur er ca. 1,5 m breiður með grófara (stærra) grjót að innanverðu og fínna (smærra) að utanverðu. Veggur þessi er túlkaður sem suður langveggur bæjarins. Undir þessum vegg voru fleiri veggir (eldri kynslóðir hússins) og mátti sjá að yngsti (efsti) veggurinn hafði hliðrast eilítið til suðurs. Þegar húsið hefur verið endurhlaðið einhverntíman hefur þessi tilfærsla átt sér stað.

Á ca. 1 m dýpi var komið niður á hellur sem gætu hafa verið hluti af gólfi og fleiri slík hellulögð gólf lágu undir því allt niður á 1,6 m dýpi. Nyrst í skurðinum var komið niður á trampað viðarkolaskotið gólf með einstaka brenndum beinum á milli hellnanna.

1362 - lagið náði ekki alveg yfir alla skurðinn, en þó mátti sjá lagið fara yfir vegginn. Trúlega hefur bygging beitarhússins raskað laginu á stöku stað (þar sem súrheysgrifja var grafin). Þar sem ummerki beitarhússins sleppti var komið niður á mannvistarlagið sem áður er getið.

Ekki var grafið niður á dautt.



Mynd 3. Teikning av beitarhúsinu og hugsanlega legu veggjarins sem fannst í prufuholu 4. Teikn. Helgi Björnsson. Hreint. og viðbætur BFE.

Suðurhluti holunnar, sunnan megin við vegginn, fór á kaf í vatn, en með sérstökum aðgerðum var hægt að varna vatninu inngöngu inn í húsið (norður hluta holunnar).

Athugasemdir

Mannvistarlagið sem var undir 1362 - laginu var fullt af kvistum eins og áður er getið. Þeir eru greinilega úr smágerðu timbri og varla öðru til að dreifa en birki. Sumar viðarleifarnar voru greinilega unnar (tálgaðar, sagaðar, höggðar) spýtur/borð úr rekavið. Á mörgum mátti sjá ormagöt eins og altítt er í sjóreknum við.

Mannvistarlag þetta var þykkt, allt að 50 - 60 sm. Það fannst í öllum prufuholunum sem bendir til þess að rústa sé að vænta á hólnum öllum. Ekki er ljóst hver skýringin á þessu lagi er (hvernig kom það til) en það minnir t.d. á viðarlag í Suðurgötu 7 í Reykjavík (Nordahl 1988:39ff). Þar er því varpað fram sem skýringu að lagið sé til þess að þurrka gólf. Yfirleitt er þó talið að spænir eða börkur hafi verið notað til þess, ekki kvistir, greinar eða stærri viðarbútar.

Eftirtektarvert var að þegar mannvistarlagið komst í snertingu við súrefni féll kóbaltblá slikja yfir allt timbur í laginu. Þegar komið var niður í neðri hluta mannvistarlagsins gerðist þetta hins vegar ekki.

Annað eftirtektarvert er að viður er afar vel varðveittur í laginu og þó að sumir viðarbúturnir úr neðri hluta lagsins komust í snertingu við súrefni eyðilögðust þeir ekki né sprungu.¹

Lýsing á byggingu beitarhússins árið 1918

Fornminjar fundnar í jörð á Bæjarstað Fagurhólsmýri 8.júní 1918, byrjað að grafa fyrir beitarhúsatóftum, austan til á svonefndum Bæjarstað.

Þegar komið var niður, rúma mannhæð, kom ég niður á hellur, sem voru lagðar sem súðhellur á húsi, þar undir var mórauð mold, í henni fann ég vott af þunnu beini, er ég hygg verið hafi kjálki úr grip, síðan fann ég jaxla mjög lítið skemmda; eftir því sem mér sýnist, munu þeir vera úr sauðkind eða litlum nautgrip.

Á öðrum stað komum við niður á húsvegg 3^{1/2} alin frá jarðvegsbrún, steinarnir voru mjög sótugir og því að líkindum úr eldhúsi.

Á enn öðrum stað komum við niður á grjótvegg, 3 álnir niður frá grassverði, þar grófum við niður fyrir undirstöðu og var hún 5 álnir

¹ Þrír smáir viðarbútar eru alheilir þó þeir hafi verið í poka í heilan mánuð. Ekkert hefur verið gert við þá til fornvarnar.

undir grassverði, virtist þar vera fjós, því neðst var flór, með flórskánum í, þar í var vottur af tréspítum.

Í enn öðrum stað komum við niður á húsvegg, 1 ^{1/2} alin neðan við grassvörð (þar sást móta fyrir tóftum í grassverðinum). Tættur þessar voru mjög vel hlaðnar og ófallnar, það lítið er við grófum eftir þeim.

Hvítur vikur stórgerður var í öllum tóftunum, er þar voru fullar af, en hrein mold utangarðs, en frá grassverði niður á hleðslu, var gráleit, smágerð vikursandsmold.

Við höfðum engan tíma til að grafa neitt verulega, til að komast fyrir stærð né tölu tóftanna og verður nú allt þarna óhreyft, þar til eftir slátt, að komið verður yfir þessar beitarhústóltfir, er við byggðum nú í júní.

Bær er sagt byggð heitið hafi fyrir austan bæinn Fagurhólsmýri, en fyrir vestan Salthöfða. Þar sést til tópta.

Sigmundur Pálsson, sem nú hefur nokkra um áttætt, segir að einn kvenmaður hafi sá verið í Örafum, um sína ungu daga, að nafni Steinunn Þormóðsdóttir, er sagt hafi sig fundið hafa í þessu bæjarstaði undir hellu inn í einni holu, að sjá svo sem á bitahöfði, klæði, sem af kvenmanns fati, dökkt, og hafi hún haft það í upphlut, sem óskemt var, en sú hola hefur aldrei síðan fundizt. (Ari Hálfðánarson 1918)².

(Helgi Björnsson, skrifar upp frá frumtexta í júní 2001.
Ragnar Frank Krisjtánsson, gengur frá á prenti í júní 2001).

Niðurstæða

Grafnar voru fjórar prufuholur og allar sýndu þær að mannvistarlæg voru undir gjóskulaginu frá 1362. Prufuhola 2 og 4 sýndu að þarna hafa staðið mikil hús og allt bendir til þess að þarna hafi staðið bær. Þykkt mannvistarlaganna/lagsins, beinin og viðarkolin benda til þessa. Þarna hefur matur verið tilreiddur, þarna hefur timburvinnsla/trésmíðar farið fram og þarna eru hús sem trúlega liggja í austur - vestur (fylgja hömrnunum fyrir ofan).

Jarðsjármælingar árið 2000 sýndu að mannvirkja er að vænta á mun stærra svæði en beitarhúsið náði yfir. Bæði ná þau lengra til vesturs og suðurs. Þmislegt bendir til þess að hóllinn vestur af rannsóknarstaðnum, og jafnvel fleiri hólar, kunni að geyma rústir.

Á staðnum hefur verið byggð í talsverðan tíma sbr. veggjakynslóðirnar og gólfín á mismunandi dýpi (frá 1 - 1,6 m dýpi). Hvenær byggðin hófst verður ekki ráðið út frá þessari rannsókn, en það

² Sagan um Steinunni Þormóðsdóttur og upphlutinn er birt í Blöndu I, bls. 47.

má allavega halda því fram að þarna hafi verið byggð í nokkur hundruð ár.

Sagt er að þarna hafi fundist kvarnarsteinn sem færður hafi verið Þjóðminjasafni Íslands. Að sögn heimamanna er hann ekki sérstaklega merktur svo hann verður ekki aðgreindur frá öðrum samskonar steinum á safninu.

Munnmælin um að þarna hafi fundist heill klæðisbútur benda til þess að þarna hafi mönnum þótt varðveisluskilyrði býsna góð, eins og rannsóknin gefur sterklega til kynna.

Þarna má þess vænta að varðveisluskilyrði séu með því besta sem gerist hér á landi. Á þetta bæði við mannvirki og gripi. Gjóskan hefur pakkað húsunum inn og jarðvegurinn er heppilegur hvað varðveislu gripa varðar. Það þýðir þá að forvarsla verður mikil og kostnaðarsöm.

Nákvæm rannsókn gæti varpað afar skýru ljósi á búskaparhætti og bændamenningu miðaldasamfélagsins íslenska og yrði frábær viðbót við rannsóknina á Gröf í Örafum á sjötta áratugnum (Gísli Gestsson 1959). Staðir sem þessi (eins og Stöng og Gröf t.d.) eru einstakir í sinni röð vegna þessara ytri aðstæðna og oft vitnað til Pompei til samanburðar.

Engir gripir fundust við rannsóknina.

Heimildir

Ari Hálfðánarson. Skýrsla um fornleifar.

Gísli Gestsson. „Gröf í Örafum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959*.
Reykjavík 1959.

Jón Þorkelsson. „Skrá Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1712 um eyddar jarðir í Örafum, ásamt skrá Jóns sýslum. Helgasonar um eyðijarðir 1783 í Lóni, Nesjum og Fellshverfi.“ *Blanda I*.
Reykjavík 1918-20.

Nordahl, Else. *Reykjavík, from the Archaeological Point of View*. Aun 12. Reykjavík 1988.

Sigfinnur Snorrason. *Jarðsjármælingar, athugun á fornleifum í Skaftafellsýslu vorið 2000*. Línuhönnun hf, apríl 2001.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Bær (Salthöfði) í landi Fagurhólsmýrar, A - Skaftafellssýslu.

Fjármögnun:

Fornleifafélag Öræfa og Hótel Skaftafell.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofunni.

Leyfi fornleifanevndar:

13. september. 2002.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson.
Ragnar Frank Kristjánsson.
Helgi Björnsson.
Sigurður Björnsson.
Sigurður Bjarnason.
Einar Rúnar Sigurðsson.
Aron Franklín Jónsson.
Þorlákur Magnússon.

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

14. september 2002.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Ca. 7 fermetrar og ca. 6,4 rúmmetrar.